

## Skattur af raforku og heitu vatni

Þann 1. janúar 2010 tóku gildi lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta.

Í 5. gr. laganna segir að greiða skuli í ríkissjóð sérstakan skatt af seldri raforku og heitu vatni. Skattskyldan nær til þeirra aðila sem selja raforku og heitt vatn á síðasta stig viðskipta, þ.e. sölu til endanlegra notenda, en endanlegur notandi telst vera sá sem endurselur ekki raforku eða heitt vatn.

Skylda til að innheimta skatt af raforku eða heitu vatni og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þeim aðilum sem selja raforku eða heitt vatn til endanlegra notenda, í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og orkulaga, nr. 58/1967.

**Undanþegnir skattskyldu eru þeir sem selja raforku eða heitt vatn fyrir minna en 500.000 kr. á ári.**

Fjárhæð skatts af raforku er 0,12 kr. á hverja kílóvattstund (kWst) af seldri raforku

Fjárhæð skatts af heitu vatni er 2,0% af smásöluverði á heitu vatni.

### Til skattskyldrar sölu eða afhendingar telst ekki:

1. Raforka eða heitt vatn sem afhent er öðrum skattskyldum aðila
2. Raforka eða heitt vatn sem afhent er eða notað eingöngu til framleiðslu á raforku eða heitu vatni til endursölu.

### Tilkynning um skattskylda starfsemi

Meðfylgjandi þessari orðsendingu er eyðublað RSK 10.50 Tilkynning um umhverfis- og auðlindaskattskylda starfsemi.

Þeir aðilar sem fá sent þetta eyðublað eru beðnir að útfylla það og endursenda virðisaukaskattsdeild ríkisskattstjóra Lauga-vegi 166, 150 Reykjavík. Eyðublaðið skal hafa borist í síðasta lagi 15. mars nk. Þeir sem eigi skila tilkynningunni geta átt von á að vera úrskurðaðir á skrá yfir skattskylda aðila.

Ef aðili telur sig ekki skattskyldan skal samt sem áður útfylla eyðublaðið á þann veg og endursenda ríkisskattstjóra.

Nánari leiðbeiningar um útfyllingu er að finna á eyðublaðinu.

### Útgáfa reikninga:

Skattskyldir aðilar skulu við sölu eða afhendingu á raforku eða heitu vatni gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Útgáfudagur
2. Útgáfustaður
3. Afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður
4. Nafn og kennitala seljanda
5. Nafn og kennitala kaupanda
6. Magn, einingarverð og heildarverð á raforku eða heitu vatni

Auk upplýsinga sem tilgreindar eru hér að ofan skal á sölu-reikningi koma fram hvort skattur af raforku og heitu vatni sé lagður á og hver fjárhæð hans er.

### Uppgjörstímabil og skýrslur

Uppgjörstímabil skatts af raforku og heitu vatni er tveir mánuðir, janúar-febrúar, mars-apríl, maí-júní, júlí-ágúst, september-október og nóvember-desember. Gjald dagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast hann yfir á næsta virkan dag á eftir. Þannig er fyrsti gjalddagi skattsins 6. apríl vegna uppgjörstímabilsins janúar-febrúar 2010.

Skýrslur vegna skatts af raforku og heitu vatni eru aðgengi- legar á vef ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

**Ríkisskattstjóri mun senda skattskyldum aðilum áminningu í tölvupósti um gjalddaga.**